

2019 - 2022

Leikskólinn Hlíðarberg



Jafnréttisáætlun
leikskólans Hlíðarbergs

Inngangur:

Jafnréttisáætlun þessi er gerð í samræmi við ákvæði laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008. Jafnréttisstefnu Hafnarfjarðar, Aðalnámskrá leikskóla, skólanámskrá leikskólans og lög um leikskóla.

Jafnréttisáætlun leikskólans Hlíðarbergs á við um börn, foreldra og starfsfólk leikskólans. Markmið er að stuðla að jöfnum möguleikum og tækifærum kynjanna til náms og þroska, hvort heldur er í leik eða starfi.

Jafnréttisáætlun Hlíðarbergs tekur gildi haustið 2019 og verður endurskoðuð að þrem árum liðnum eða haustið 2022.

Megin markmið

Við viljum að komið sé fram við börn, foreldra og starfsfólk af virðingu.

Við viljum að tekið sé á jafnræðis grundvelli á móti báðum kynjum þegar sótt er um auglýst störf í leikskólanum.

Við viljum að bæði kynin eigi sama rétt og sömu möguleika.

Efla jafnréttisfræðslu í námi meðal barna og starfsmanna.

Leikskólastjóri skal gera sérstakar ráðstafanir til að koma í veg fyrir að starfsfólk eða börn verði fyrir kynbundinni eða kynferðislegri áreitni á vinnustað.

Ábyrgð:

Leikskólastjóri ber ábyrgð á jafnréttisáætlun leikskólans og sér um að endurskoðun og uppfærsla á henni sé á þriggja ára fresti. Jafnréttisáætlun er kynnt fyrir starfsfólki einu sinni á ári á starfsmannafundi. Í aðgerðaráætlun kemur fram hvernig jafnréttisáætlunin er viðhaldið. Leikskólastjóri felur nefnd sem skipar tvo til fjóra starfsmenn til að vinna að úrbótum í jafnréttisáætlun.

Börn

Í leikskólanum Hlíðarbergi viljum við:

Að börn fái verkefni við hæfi.

Að börn hafi aðgang að opnum efnivið óháð kyni.

Að réttlæti og jafnræði sé gætt í samskiptum við kynin.

Að stuðlað sé að jákvæðri umræðu um bæði kynin.

Að hugað sé að mögulegum kynjamun við öflun og úrvinnslu gagna.

Leiðir:

Tekið verður mið að þroska og getu hvers barns og þau fái um það að segja hvað þau vilja gera. Unnið verður með lýðræði barna í öllu starfinu og þau hvött til að hafa áhrif nám sitt í leikskólanum. Lögð er áhersla á opin efnivið í innkaupum sem býður upp á marga skapandi möguleika óháð kyni.

Fræðsla er fyrir börn um lýðræði og jafnrétti auk þess vinnum við með Vináttuverkefnið Blæ þar sem unnið er gegn einelti. Með lestri bóka, umræðum og eftirfylgni starfsmanna með samskiptum barnanna er fylgst með því að kynbundið áreiti eigi sér ekki stað sem og kynferðislegt áreiti.

Foreldrar/forráðamenn:**Í leikskólanum Hlíðarbergi viljum við:**

Að foreldrar taki bæði þátt í leikskólastarfi barna sinna.

Að stuðla að góðu samstarfi við báða foreldra.

Að báðir foreldrar séu hvattir til að nýta sér rétt sinn vegna veikinda barna sinna.

Leiðir:

Foreldrum er boðið að taka þátt í hinum ýmsu viðburðum í leikskólastarfinu s.s. bóndadegi, konudegi, foreldrakaffi, jólaboð o.fl. Allar upplýsingar sem fara heim á tölvu tæku formi s.s. fréttabréf og aðrar tilkynningar sé sent á báða foreldra. Haft verður samband jafnt við feður sem mæður ef barn veikist í leikskólanum. Lögð verður áhersla á að feður jafnt sem mæður fá upplýsingar þegar komið er með barn í leikskólann.

Starfsfólk**Í leikskólanum Hlíðarbergi viljum við:**

Að mannauður og sterku hliðar allra starfsmanna fái notið sín.

Að sí og endurmenntun sé aðgengileg og við hæfi hvers og eins.

Að gera starfsmönnum kleift að samræma starfsskyldur og ábyrgð gagnvart fjölskyldu.

Að bæði kynin séu hvött til að nýta rétt sinn vegna veikinda barna.

Leiðir:

Starfsmenn verði hvattir til og fái tækifæri í starfinu til að nýta sínar sterku hliðar, áhugasvið og miðli til annarra starfsmanna. Allir starfsmenn séu hvattir og fái tækifæri til að sækja námskeið sem eru í boði og hæfir hverjum og einum. Leitast verður eftir körlum

jafnt sem konum við ráðningu. Starfsmenn fá möguleika á að vinna í hlutastarfi sé þess óskað. Karlar hvattir jafnt sem konur til að nýta rétt sinn vegna veikinda barna sinna.

Aðgerðaráætlun fyrir jafnréttisáætlun leikskólans Hlíðarbergs Skólaárið 2019-2020

	Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímasetning
Börn	Fræða börn um lýðræði	Unnið verður með fræðslu um lýðræði í öllu starfi/námi barna s.s. samverustund, hópastarfi frjálsum leik	Deildarstjórar	Skólaárið
	Fræða börn um jafnrétti	Unnið verður með fræðslu/námsefni um jafnrétti í öllu starfi/námi barna s.s. samverustund, hópastarfi frjálsum leik. Unnið er samkvæmt Aðalnámskrá	Deildarstjórar	Skólaárið
	Fræða börn um einelti, kynbundið áreiti og kynferðilsgt áreiti.	Leikskólinn vinnur með Vináttuverkefnið Blær , auk þess lesum við bækur þar sem tekið er á þessum málum miðað við aldur barnanna. Auk þess er starfsfólki skilt að fylgjast vel með samskiptum barnanna.	Allt starfsfólk	
	Börn fá verkefni við hæfi	Börn fá að hafa áhrif á það hvað þau eru að vinna með eftir getu og áhugasviðs. Einnig fá þau að hafa áhrif á hvað er verið að leika með og við hvern er leikið en ekki stýrt af hinum fullorðna. Börnum gefin kostur á fjölbreyttum námsaðferðum	Allt starfsfólk	

Hlíðarberg

	<p>Bjóða upp á opin efnivið sem býður</p> <p>upp á marga sköpunar möguleika</p> <p>án tillits til kynferðis</p>	<p>Þau námsgögn /leikföng sem keypt eru hæfi börnum í námi og leik óháð kynferði. Skoðað verður með gagnrýnum augum bækur sem sýna staðlaðar kynjaímyndir eða mismunar kynjum s.s ýmsir kubbar sem bjóða upp á marga möguleika til náms.</p>	Stjórnendur leikskólans	Allt skólaárið
Forráðamenn	Að gefa báðum foreldrum kost á að fylgjast með leikskólagöngu barnsins	Bjóða báðum foreldrum og í sitthvoru lagi á ýmsa viðburði í leikskólanum s.s. Morgunmat á bóndadag /konudag, foreldrakaffi og fleiri viðburði. Einnig verða allar upplýsingar, fréttir og annað sent í tölvupósti á báða foreldra.	Stjórnendur og Deildarstjórar	Á skólaárinu
	Að eiga jákvæð og góð samskipti við báða foreldra	Að starfsmenn gefi sig á tal og eigi samskipti við báða foreldra þegar verið er að koma og sækja börnin.	Allir starfsmenn Leikskólans	
	Að hvetja feður jafnt sem mæður að nýta rétt sinn vegna veikinda barna	Hringt verður jafnt í feður sem mæður þegar börn þeirra veikjast í leikskólanum.	Deildarstjórar	
Starfsmenn	Nýta mannauðinn	Starfsmenn fái tækifæri á að miðla af reynslu og þekkingu og þeim falin verkefni sem lúta að áhugsviði og getu hvers og eins. Samkvæmt jafnlaunastefnu Hf. fá starfsmenn sömu laun fyrir sama starf óháð kyni.	Stjórnendur og Deildarstjórar	
	Jafnlaunastefna Hafnarfjarðarbæjar			
	Kynferðislegt ofbeldi, kynbundin áreitni, kynferðisleg áreitni eða einelti líðst ekki í leikskólanum.	Verði einhver fyrir kynbundnu ofbeldi, kynbundinni áreitni, kynferðislegri áreitni eða einelti getur sá hin sami	Leikskólastjóri	

Hlíðarberg

	Viðbragðsáætlun Hafnarfjarðar er varða einelti, áreitni og ofbeldi.	tilkynnt það til leikskólastjóra og trúnaðarmanns og málið tekið fyrir og bundið enda á. Ef með þarf þá er haft samband við aðra meðferðar aðila í stjórnarsýslunni til aðstoðar. Með kynningu á viðbragðsáætluninni og umræðum ásamt fræðslu.		
	Reynt er að koma til móts við starfsmenn og þeim gert kleift að samræma fjölskyldu og starfsskyldur.	Starfsmönnum verði gefin kostur á að vinna hlutastarf. Möguleiki starfsmanna á að minnka eða bæta við sig starfi verði metin eftir aðstæðum. Starfsmenn hafi tækifæri á að sinna starfi jafnt sem einkalífi þar sem kostur er.	Leikskólastjóri	
	Leitast skal við að jafna hlutfall kvenna og karla	Í auglýsingu séu karlar jafnt sem konur hvattar til að sækja um starf í leikskólanum	Leikskólastjóri	
	Bæði kyn hafi jafnan aðgang að endurmenntun	Símenntun og námskeið sé aðgengileg báðum kynjum	Leikskólastjóri	
	Jafnréttisáætlun kynnt	Jafnréttisáætlun verði kynnt á starfsmannafundi og foreldrafundi að hausti.	Leikskólastjóri	Haust 2019
	Jafnréttisáætlun metin, endurskoðuð og áætlun gerð	Umræða meðal starfsmanna á starfsmannafundi	Stjórnendur	Vorönn 2021

Lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla.**19. gr. Launajafnrétti**

- Konum og körlum er starfa hjá sama atvinnurekanda skulu greidd jöfn laun og skulu njóta sömu kjara fyrir sömu eða jafnverðmæt störf.
- Með jöfnum launum er átt við að laun skulu ákveðin á sama hátt fyrir konur og karla.
- Skulu þau viðmið sem lögð eru til grundvallar launaákvörðun ekki fela í sér kynjamismun.
- Allar launaákvæðanir séu gegnsæjar og málefnalegar og sömu laun séu greidd fyrir sömu eða jafnverðmæt störf og að jafnrétti sé samþætt allri starfsemi leikskólans.
- Teikið sé mið af Jafnlaunastefnu Hafnarfjarðarbæjar og unnið samkvæmt henni.

Starfsmönnum skal ávallt heimilt að skýra frá launakjörum sínum ef þeir kjósa svo.

20. gr. Laus störf, starfsþjálfun, endurmenntun og símenntun

- Starf sem laust er til umsóknar skal standa opið jafnt konum og körlum.
- Atvinnurekendur skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að konur og karlar njóti sömu möguleika til endurmenntunar, símenntunar og starfsþjálfunar og til að sækja námskeið sem haldin eru til að auka hæfni í starfi eða til undirbúnings fyrir önnur störf.

21. gr. Samræming fjölskyldu- og atvinnulífs

- Atvinnurekendur skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að gera konum og körlum kleift að samræma starfsskyldur sínar og ábyrgð gagnvart fjölskyldu.
- Ráðstafanir þær skulu m.a. miða að því að auka sveigjanleika í skipulagningu á vinnu og vinnutíma þannig að bæði sé tekið tillit til fjölskylduaðstæðna starfsmanna og þarfa atvinnulífs, þar með talið að starfsmönnum sé auðveldað að koma aftur til starfa eftir fæðingar- og foreldraorlof eða leyfi úr vinnu vegna óviðráðanlegra og brýnna fjölskylduaðstæðna.

22. gr. Kynbundin áreitni og kynferðisleg áreitni.

- Atvinnurekendur og yfirmenn stofnana og félagasamtaka skulu gera sérstakar ráðstafanir til að koma í veg fyrir að starfsfólk, nemar og skjólstæðingar verði fyrir kynbundinni eða kynferðislegri áreitni á vinnustað, stofnun, í félagsstarfi eða skólum.
- Ef yfirmaður er kærður vegna ætlaðrar kynbundinnar eða kynferðislegrar áreitni verður hann vanhæfur til að taka ákvarðanir í tengslum við starfsskilyrði kæranda á

meðan meðferð málsins stendur yfir og skal þá næsti yfirmaður taka slíkar ákvarðanir.

23. gr. Menntun og skólastarf.

- *Kynjasambættingar skal gætt við alla stefnumótun og áætlanagerð í skóla- og uppeldisstarfi, þar á meðal íþróttá- og tómstundastarfi.*
- *Á öllum skólastigum skulu nemendur hljóta fræðslu um jafnréttismál þar sem m.a. skal lögð áhersla á að búa bæði kynin undir jafna þátttöku í samfélaginu, svo sem í fjölskyldu- og atvinnulífi.*
- *Kennslu- og námsgögn skulu þannig úr garði gerð að kynjum sé ekki mismunað.*
- *Í náms- og starfsfræðslu og við ráðgjöf í skólum skulu piltar og stúlkur óháð kyni hljóta fræðslu og ráðgjöf í tengslum við sömu störf.*
- *Efla skal rannsóknir á stöðu kynjanna í íslensku samfélagi, jafnt fræðilegar grunnrannsóknir sem hagnýtar rannsóknir, og miðla niðurstöðum þeirra markvisst innan skólastarfsins og til fjölmiðla.*
- *[Það ráðuneyti er fer með fræðslumál]^{Þ)} skal fylgjast með að jafnréttis kynjanna sé gætt í skóla- og uppeldisstarfi sem og í íþróttá- og tómstundastarfi. Enn fremur skal [það ráðuneyti er fer með fræðslumál]^{Þ)} fylgjast með þróun jafnréttismála á þessum sviðum samfélagsins.*
- *Jafnréttisráðgjafi skal starfa innan [þess ráðuneytis er fer með fræðslumál]^{Þ)} og skal hann fylgja eftir ákvæðum þessarar greinar og veita viðkomandi aðilum ráðgjöf í jafnréttismálum, m.a. um sértækar aðgerðir til að stuðla að jafnrétti kynjanna.*